

ÁRSSKÝRSLA
2014



Heilbrigðisstofnun Vesturlands

ÁRSSKÝRSLA 2014

**Umsjón með útgáfu/
hönnun/umbrot**
Rósa Mýrdal

Ljósmyndir
G. Bjarki Halldórsson
<http://www.flickr.com/bjarkih/>
<http://www.bjarkih.org/>
og úr safni HVE

Forsíðumynd
G. Bjarki Halldórsson
Myndin er af Hvítserki
í V-Húnavatnssýslu

EFNISYFIRLIT

Frá forstjóra	bls. 4
Skipurit	" 5
Stjórn og stjórnendur	" 6
Þættir úr starfsemi	" 8
Heilsugæsla	" 16
Heilsugæslustöð HVE Akranesi	" 18
Heilsugæslustöð HVE Borgarnesi	" 19
Heilsugæslustöð HVE Búðardal	" 20
Heilsugæslustöð HVE Grundarfirði	" 21
Heilsugæslustöð HVE Hólmavík	" 22
Heilsugæslustöð HVE Hvammstanga	" 23
Heilsugæslustöð HVE Ólafsvík	" 24
Heilsugæslustöð HVE Stykkishólmi	" 25
Sjúkrahús	" 26
Sjúkrahús HVE Akranesi	" 27
Sjúkradeild HVE Hólmavík	" 32
Sjúkradeild HVE Hvammstanga	" 33
Sjúkrahús HVE Stykkishólmi	" 35
Ársreikningur 2014	" 39

FRÁ FORSTJÓRA

Samandregnar upplýsingar um starfsemi Heilbrigðisstofnunar Vesturlands árið 2014 liggja nú fyrir. Ásýnd Ársskýrslu HVE er með svipuðum hætti og fyrri ár og þróun starfseminnar og upplýsingar því aðgengilegar á milli tímabila.

Þegar litið er til hlutverks stofnunarinnar, þá var starfsemin í heild með hefðbundnum hætti. Stöðugleiki var nokkur en mannekla og forföll starfsmanna þó ívið meiri en undanfarin ár. Enn hefur ekki skapast jafnvægi í mönnun lækna en horft er til bjartari tíma í þeim efnun.



Fjárhagsleg umgjörð var sömuleiðis í samræmi við lög og fyrirmæli stjórnvalda og rekstur í jafnvægi með lítilsháttar afgangi sem er forsenda þess að unnt sé að standa við skuldbindingar hvers tíma. Stofnunin er að þessu leyti í þeirri öfundsverðu stöðu að vera í hópi örfárra stórra heilbrigðisstofnana sem eru í rekstrarlegu jafnvægi árið 2014 eins og sjá má í meðfylgjandi ársreikningi.

Þessi árangur næst einungis með miklu og virku aðhaldi á öllum sviðum og ljóst að lengra verður ekki gengið. Stofnunin hefur verið í sveltí varðandi framlög til endurnýjunar tækja og búnaðar undanfarin ár og beiðnir og samantektir þar að lútandi til stjórnvalda ekki fengið framgang. Forráðamenn gengu á fund fjárlaganefndar á haustmánuðum og skýrðu aðstæður sínar og sendu til nefndarinnar samantekt um þörf á fé til bæði endurnýjunar aðstöðu og tækjabúnaðar. Í mörg ár hefur verið haldið að ráðamönnum erindum og tillögum um leiðir til úrbóta en lítið þokast. Stofnunin fær engu að síður framúrskarandi umsógn en starfsmenn skynja lítt efndir eða áþreifanlegan stuðning.

Húsakostur stofnunarinnar er í ágætu ásigkomulagi að undanskildu húsnæði HVE á Akranesi þar sem m.a. tvær legudeildir og ytra byrði miðhúss eru í niðurníðslu eftir stöðuga notkun í tæplega hálfra öld með viðhaldi sem sinnt hefur verið af vanefnum. Umburðarlyndi starfsmanna hefur verið mikið og ávallt unnið af alúð þótt skilyrði svari ekki lengur nútímalegum kröfum. Þetta hafa þeir fyrst og fremst gert í þeirri von að um síðir verði vinnuumhverfið fært í betra horf. Þeirri von er áfram haldið lifandi með stöðugri umleitun og viðræðum við fulltrúa stjórnvalda.

Einhver gleðilegustu tíðindi ársins voru stofnun Hollvínasamtaka Heilbrigðisstofnunar Vesturlands í janúar en stofnfund sóttu um 200 manns. Undirbúningshópur hafði mánuðina á undan unnið að þessu verkefni en samtökin ganga undir heitinu Vesturlandsvaktin. Í stjórn eiga sæti fimm áhugasamir einstaklingar en auk þess er starfandi fulltrúaráð samtakanna sem er augu og eyru vítt og breitt á þjónustusvæðinu. Yfirlýstur tilgangur samtakanna er að sameina íbúa á Vesturlandi í stuðningi við HVE, að standa vörð um öfluga þjónustu á svæðinu og að styðja við starfsemina með söfnun fjár til mikilvægra tækja, svo eitthvað sé nefnt. Forráðamenn HVE líta á stofnun Hollvínasamtakanna sem mikil tímamót og vænta þess að geta notið stuðnings í margvíslegum málum og átt í þeim öflugan samráðsaðila, bakhjarl og málsvara í samfélaginu. Fyrsta verkefni samtakanna var að hrinda af stað söfnun til kaupa á nýju sneiðmyndaðaki en hið eldra var tekið úr notkun í nóvember og metið ónýtt. Við það varð skyndilega mikil skerðing á þjónustu myndgreiningadeildar stofnunarinnar til verulegs óhagræðis fyrir sjúklinga.

Einstakir starfsmenn stofnunarinnar hafa í árána rás verið stjórnendum stoð og stytta í ýmsum úrlausnarmálum og verið boðnir og búnir til að taka að sér verkefni af margvíslegum toga fyrir hönd alls hópsins. Þetta gerist með óformlegum og formlegum hætti, m.a. með setu í verkefnahópum og nefndum. Nefna má sykingavarnarnefnd, umhverfisnefnd, nefnd um félagsleg samskipti, starfshóp um sálrænan stuðning í kjölfar áfalla, öryggisnefnd og lyfjanefnd. Öllum þessum starfsmönnum færi ég þakkar fyrir þeirra góðu störf sem og öðru starfsfólki fyrir gott samstarf á árinu 2014 með von um að nýtt ár og nýir tímar færi okkur enn betri vinnuaðstæður og starfskjör til heilla fyrir íbúa í heilbrigðisumdæmi Vesturlands.

Guðjón S. Brjánsón
forstjóri

SKIPURIT HVE



GILDI HVE
VIRÐING
TRAUST
FAGMENNSKA

STJÓRN OG STJÓRNENDUR

Framkvæmdastjórn

Forstjóri	Guðjón S. Brjánsson
Framkvæmdastjóri lækninga	Pórir Bergmundsson
Framkvæmdastjóri hjúkrunar	Jóhanna Fjóra Jóhannesdóttir
Framkvæmdastjóri fjármála	Ásgeir Ásgeirsson

Aðrir stjórnendur

Sviðsstjóri lækninga á heilsugæslusviði	Linda Kristjánsdóttir
Sviðsstjóri hjúkrunar á heilsugæslusviði	Rósa Marinósdóttir
Svæðisfulltrúi	Guðmundur Haukur Sigurðsson
Svæðisfulltrúi	Jóhann Björn Arngrímsson
Verkefnastjóri tækni- og búnaðarmála	Halldór Hallgrímsson
Yfirlyfjafræðingur	Ingveldur Sverrisdóttir til sept. 2014 Ólafur Adolfsson frá sept. 2014
Fagstjóri endurhæfingar	Hrefna Frímansdóttir
Fagstjóri lækna- og læknafræðingur	Rósa Mýrdal
Fagstjóri myndgreiningar	Gróa G. Þorsteinsdóttir
Fagstjóri rannsóknarþjónustu	Hafdís Bjarnadóttir
Fagstjóri sjúkraflutninga	Gísli Björnsson

Heilsugæsla

HVE Akranes heilsugæsla	Reynir Þorsteinsson yfirlæknir Ragnheiður Björnsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Borgarnes heilsugæsla	Linda Kristjánsdóttir yfirlæknir Rósa Marinósdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Búðardalur heilsugæsla	Þórður Ingólfsson yfirlæknir Þórunn B. Einarsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Grundarfjörður heilsugæsla	Bragi Þór Stefánsson yfirlæknir Dagný Ósk Guðlaugsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Hólmavík heilsugæsla	Guðmundur Sigurðsson yfirlæknir Anna Guðlaugsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Hvammstangi heilsugæsla	Geir Karlsson yfirlæknir Helga Hreiðarsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Ólafsvík heilsugæsla	Andri Hejde yfirlæknir Fanný Berit Sveinbjörnsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
HVE Stykkishólmur heilsugæsla	Kristinn Logi Hallgrímsson yfirlæknir Brynja Reynisdóttir yfirhjúkrunarfræðingur

Sjúkrahús

Handlækningadeild HVE Akranesi	Fritz H. Berndsen yfirlæknir Guðjóna Kristjánsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Kvinnadeild HVE Akranesi	Edward Kiernan yfirlæknir Anna Björnsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Lyflækningadeild HVE Akranesi	Sigríður Þ. Valtýsdóttir yfirlæknir til sept. 2014 Guðni Arnar Guðnason yfirlæknir frá sept. 2014, settur tímabundið Valdís Heiðarsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Skurð- og svæfingadeild HVE Akranesi	Björn Gunnarsson yfirlæknir Guðrún M. Halldórsdóttir hjúkrunardeildarstjóri Kristjana Kristjánsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Slysa- og göngudeild HVE Akranesi	Fritz H. Berndsen yfirlæknir Guðríður Guðmundsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Myndgreiningardeild HVE Akranesi	Gróa G. Þorsteinsdóttir deildarstjóri
Rannsóknarstofa HVE Akranesi	Eyjólfur Harðarson deildarstjóri
Læknaritaramiðstöð HVE Akranesi	Rósa Mýrdal deildarstjóri
Endurhæfingardeild HVE Akranesi	Ingibjörg Óskarsdóttir deildarstjóri Sigrún Ásmundsdóttir deildarstjóri
Afgreiðsludeild HVE Akranesi	Ingibjörg Finnbogadóttir deildarstjóri
Eldhús HVE Akranesi	Bjarni Þór Ólafsson deildarstjóri
Ræsting HVE Akranesi	Jóna María Örlaugsdóttir deildarstjóri
Viðhalds- og tæknideild HVE Akranesi	Halldór Hallgrímsson deildarstjóri
Sjúkraflutningar HVE Akranesi	Gísli Björnsson deildarstjóri
Sjúkradeild HVE Hólmavík	Guðmundur Sigurðsson yfirlæknir Anna Guðlaugsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Sjúkradeild HVE Hvammstanga	Geir Karlsson yfirlæknir Guðrún Benónýsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Sjúkradeild HVE Stykkishólmi	Jósep Ó. Blöndal yfirlæknir Hrafnhildur Jónsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Háls- og bakdeild HVE Stykkishólmi	Jósep Ó. Blöndal yfirlæknir Hrafnhildur Jónsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
Endurhæfingardeild HVE Stykkishólmi	Hrefna Frímansdóttir deildarstjóri
Rannsóknarstofa HVE Stykkishólmi	Hafdís Bjarnadóttir deildarstjóri

ÞÆTTIR ÚR STARFSEMI

Reksturinn

Rekstur þeirra átta starfsstöðva sem tilheyra Heilbrigðisstofnun Vesturlands gekk að vonum árið 2014. Rekstraráætlanir stóðust í meginatriðum þrátt fyrir sígandi kostnaðarauka og ófyrirséð atriði á ýmsum sviðum. Gott jafnvægi var í öllum stærstu þáttum, en eins og fyrri ár var aðhalds gætt í hvívetna. HVE var ein af örfáum heilbrigðisstofnum landsins sem tókst að halda fjárlög og með örhlitum afgangi. Að árinu 2014 afstöðnu er eigið fé stofnunarinnar orðið jákvætt eins og sjá má í ársreikningi sem fylgir þessari ársskýrslu.

Starfsemin

Reglubundin og áreiðanleg þjónusta einkenndi starfsemina árið 2014 innan vébanda HVE. Stöðugleiki ríkti í meginatriðum en lækniþjónusta var veitt með afbrigðum á hluta starfsstöðva. Þar ríkir enn skortur á eftirsóknarverðri samfellu í samræmi við markmið ráðuneytis. Nýir kjarasamningar við læknaáttina hafa enn ekki breytt neinu þar um en væntingar eru um að bjartari tímar fari í hönd.

Umsvif og þjónusta stofnunarinnar var síst minni en undanfarin ár og ekki fer á milli mála að Heilbrigðisstofnun Vesturlands er afkastamikil þjónustustofnun þótt aðstæður séu í raun misjafnar til að veita framúrskarandi þjónustu. Heildarfjöldi skráðra samskipta á heilsugæslustöðvum HVE voru á árinu tæplega 136 þúsund talsins sem jafngildir því að leiðir hvers íbúa og heilsugæslustöðvar í byggðarlaginu liggi saman að jafnaði um 8 sinnum á ári með einum eða öðrum hætti.

Örlítið færri lögðust inn á sjúkradeildir á Hvammstanga og í Stykkishólmi en ívið fleiri á Hólmavík miðað við fyrra ár. Starfsemi háls- og bakdeildar í Stykkishólmi var með svipuðum hætti en þar voru innlagnir 243 talsins. Á sjúkrahúsinu á Akranesi var starfsemin í föstum skorðum eins og fyrri ár en heldur færri innlagnir voru á handlækningadeild en talsvert fleiri á bæði kvenna- og lyflækningadeild. Fæðingum fjölgaði á milli ára og voru 269 talsins.

Fyrri hluta árs var talsverð umræða um öryggismál og náði sú umræða til flestra starfsstöðva. Vart hafði orðið við nærgöngula og óboðna gesti á öllum tímum sólarhrings. Starfsmenn voru sammála um að bæta þyrfti öryggi og takmarka aðgengi, sérstaklega utan dagvinnu. Hafinn var undirbúningur að öryggisátaki í þessum efnunum, settar upp eftirlitsmyndavélar á allar starfsstöðvar. Sömuleiðis hafa verið gerð auðkenniskort fyrir starfsmenn sem jafnframt gegna því hlutverki að vera aðgangskort að læstum rýmum á Akranesi þar sem ágangs óboðinna hefur mest gætt. Í framhaldinu er síðan gert ráð fyrir að kortin nýtist einnig til hægðarauka sem skráningarkort í og úr vinnu.

Í samræmi við reglugerð 920/2006 um skipulag og vinnuverndarstarf á vinnustöðum hafa verið skipaðir öryggisverðir á þeim fimm starfsstöðvum þar sem starfsmannafjöldi er tíu eða fleiri þ.e. Akranesi, Borgarnesi, Hólmavík, Hvammstanga og Stykkishólmi. Öryggisvörðum þessum er ætlað að sinna vinnuvernd í samvinnu við öryggistrúnaðarmenn og fylgjast með því að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað séu í samræmi við vinnuverndarlögin. Þessir öryggisverðir gegna mikilvægu hlutverki í að virkja starfsmenn og efla öryggisvitund þeirra. Þá er verið að ganga frá virkjun þriggja öryggisnefnda á Akranesi, Hvammstanga og Stykkishólmi sem skipaðar eru öryggisvörðum og öryggistrúnaðarmönnum. Deildarstjóri húsnæðis og tækja, Halldór Hallgrímsson, starfar með öryggisvörðum og mun hafa yfirumsjón með málaflokknum. Á árinu var gefin út verklagsregla og verklýsingar um áhættumat og viðbrögð við ofbeldi sem ætlað er að auka öryggi sjúklinga og starfsfólks.



Í september var sett á fót skipulögð hjúkrunarmóttaka til eins árs á heilsugæslustöð HVE á Akranesi þar sem hjúkrunarfræðingur tekur á móti erindum samdægurs sem ekki þola bið og veitir þjónustu við hæfi. Einnig er boðið upp á símatíma þar sem veittar eru ráðleggingar, upplýsingar og leiðsögn um heilbrigðiskerfið. Stuðst var við reynslu slíkrar hjúkrunarmóttöku sem starfrækt hefur verið með ágætum árangri við heilsugæsluna í Borgarnesi um nokkurra missera skeið. Hjúkrunarfræðingurinn sinnir fjölbreyttum erindum sem flokkast undir heilsuvernd, meðferð, ráðgjöf, forvarnir, lífsstíl og starfar í nánu samstarfi við lækna, hjúkrunarfræðinga stöðvarinnar og aðra heilbrigðisstarfsmenn. Verkefnið fór vel af stað og fljótt kom í ljós að þörf var fyrir þessa viðbót á stærstu heilsugæslustöð stofnunarinnar.

Hinn 15. október var undirrituð samstarfsyfirlýsing um fyrirkomulag heilbrigðisþjónustu sem í boði verður fyrir nemendur Fjölbrotarskóla Vesturlands á Akranesi skólaárið 2014-2015. Um er að ræða tilraunaverkefni til eins árs þar sem Jónína Víglundsdóttir, kennari og hjúkrunarfræðingur mun sinna starfi skólahjúkrunarfræðings við skólann í 50% starfshlutfalli. Aðkoma HVE er að vera skólahjúkrunarfræðingi FVA til ráðgjafar, sinna nemendum samkvæmt tilvísun frá skólahjúkrunarfræðingi og lána skólanum viðeigandi búnað. Ragnheiður Björnsdóttir, yfirhjúkrunarfræðingur á heilsugæslustöð HVE á Akranesi er tengiliður við skólann fyrir hönd HVE.

Á árinu réðist Krabbameinsfélag Íslands í breytingar á þjónustu sinni víða á landsbyggðinni. Það sem snýr helst að starfsstöðvum í umdæmi HVE er, að konum er nú boðið til leghálskrabbameinsleitar á heilsugæslustöð þegar komið er að skoðun miðað við klínískar leitarleiðbeiningar en ekki einungis þegar Leitarstöðin stendur að hópleit á landsbyggðinni með sinn viðbúnað. Á nokkrum stöðum hefur brjóstakrabbameinsleit verið aflögð og konum vísað til þjónustunnar í Reykjavík og það á m.a. við um Akranes. Á öðrum stöðum í umdæminu verður þjónustan óbreytt að þessu leyti. Þjónustan hefur með þessu í auknum mæli verið færð heim í hérað að mati Krabbameinsfélagsins. Liðir í þessum breytingum var þjálfun ljósmæðra til töku leghálsýna í samvinnu Leitarstöðvarinnar og heilbrigðisstofnana hringinn í kringum landið.

Ljósmæðraþjónusta á Snæfellsnesi tók nokkrum breytingum á árinu þar sem starfandi ljósmóðir hefur verið í veikindaleyfi. Samningur var gerður við ljósmóður um að heimsækja starfsstöðvarnar tvisvar í mánuði og veita þjónustu á sviði mæðra- og ungubarnaverndar þar sem ekki hefur tekist að ráða til afleysinga með aðsetur á svæðinu.

Málefni öldrunarþjónustu og endurskoðun á starfsemi í húsnæði HVE í Stykkishólmi hafa verið mjög til umfjöllunar á síðustu misserum. Þann 5. maí 2014 skipaði Kristján Þór Júlíusson, heilbrigðisráðherra þriggja manna starfshóp sem var falið að gera tillögur um „samstarf Stykkishólmsbæjar, Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og Velferðarráðuneytis um samþættingu stofnanapáttar öldrunarþjónustu“. Starfshópnum var ætlað að styðjast við skýrslur og samantektir sem unnar hafa verið á síðustu misserum varðandi endurskipulagningu öldrunarþjónustu í Stykkishólmi. Í starfshópnum voru skipuð: Jóhanna Fjóra Jóhannesdóttir, tilnefnd af HVE, formaður; Lárus Ástmar Hannesson, tilnefndur af Stykkishólmsbæ og Sturla Böðvarsson, án tilnefningar. Varamenn voru skipaðir Hrafnhildur Jónsdóttir, tilnefnd af HVE og Guðlaug Ágústsdóttir, tilnefnd af Stykkishólmsbæ. Unnið hafði verið að málinu frá árinu 2011 og önnur nefnd sem þá var að störfum komst að þeirri niðurstöðu að rekstur hjúkrunarrýma á tveimur stöðum í Stykkishólmi gæti ekki talist rekstrarvænt fyrirkomulag. Fyrir lágu aðaltekningar og kostnaðaráætlun að umfangsmiklum breytingum á húsnæðinu sem fela í sér tillögur um að meginhluti annarrar, þriðju og fjórðu hæðar sjúkrahússins fari undir fimmtán íbúða hjúkrunarheimili og fimm dvalarheimilisíbúðir. Þannig tækist að sameina alla hjúkrunarheimilisþjónustu í bænum undir eitt þak í húsnæði HVE við Austurgötu. Starfshópurinn hélt átta fundi og fór að auki ásamt fulltrúum bæjarstjórnarinnar í Stykkishólmi í heimsókn á



hjúkrunar- og dvalarheimilið Brákarhlíð í Borgarnesi og fékk góða kynningu á starfsemi og skipulagi. Þá hélt hópurinn kynningarfund um niðurstöðu starfshópsins. Þangað voru boðaðir stjórnendur frá HVE í Stykkishólmi, dvalarheimilinu og Stykkishólmsbæ. Starfshópurinn skilaði skýrslu í lok september 2014 og lagði til að starfssemi sjúkrasviðs HVE og dvalarheimilisins yrði sameinuð og miðað við 18 rúma hjúkrunarheimili, þ.e. 17 hjúkrunarrými, 1 rými fyrir hvíldarinnlagnir, 4 sjúkrarými og 13 gistirými fyrir háls- og bakdeild. Bent var á að gera yrði ráð fyrir aukinni heimahjúkrun og félagslegri heimaþjónustu í bænum ásamt aukinni dagvistun þar sem ekki verður lengur boðið upp á dvalarrými. Eftir breytinguna verði rekið eitt eldhús og eitt þvottahús þar sem áður var tvennt af hvoru á tveimur stofnunum. Með þessari samþættingu stofnanaþáttar öldrunarþjónustu telur nefndin að unnt verði að ná fram mikilli hagræðingu til framtíðar og tryggja jafnframt góða þjónustu.

Á HVE, Hvammstanga var starfsemin að mestu með hefðbundnum hætti. Heilsugæslan býr við stöðugleika hvað varðar mönnum, bæði á lækninga- og hjúkrunarsviði. Talsvert álag var á starfsemi á hjúkrunarsviði framan af ári en léttist fremur er líða tók á. Erfiðlega gekk að manna stöður hjúkrunarfræðinga á deildinni með fullnægjandi hætti.

Á Hólmavík er starfrækt heilsugæslustöð og lítil hjúkrunareining jafnframt því sem stofnunin starfrækir lyfsölu fyrir íbúa sveitarfélagsins. Starfsemin var í traustum og föstum skorðum í heimilislegu umhverfi og sömuleiðis starfsmannahald.

Undir Borgarnes heyrir fjölmennt og erilsamt þjónustusvæði stofnunarinnar og er stærsta staka heilsugæslustöð HVE. Starfsemin var með ágætum á árinu, stöðin vel skipuð starfsmönnum lengst af og skipulag að ýmsu leyti með nýstárlegum og ferskum blæ.

Í Stykkishólmi, Grundarfirði, Ólafsvík og Hólmavík eru starfræktar heilsugæslustöðvar þar sem starfsemin var tryggð með afleysingum verktakalækna. Í meginatriðum gengur sú tilhögun vel en óskir heimamanna eru þær að meiri festa og samfella sé þó í þjónustunni. Við þessar aðstæður reynir meira á annað fagfólk en ella, einkum hjúkrunarfræðinga og hafa þeir reynst mikilvæg kjölfesta í þjónustunni á þessum stöðum.

Síðla árs var hafinn undirbúningur að samtengingu sjúkraskrárkerfa HVE og öldrunarstofnana á Vesturlandi. Höfuðtilgangurinn með slíkri samtengingu sjúkraskrárkerfa er aukið öryggi sjúklinga, gæði og hagræði í heilbrigðisþjónustu. Verkefnið er unnið samkvæmt ítrustu öryggiskröfum og aðgengisreglum. Gert er ráð fyrir að samtenging hafi í för með sér sparnaðaráhrif fyrir heilbrigðiskerfið í heild. Persónuvernd fjallar um málið og hefur ekki lokið úttekt sinni í árslok.

Mannauðsmál

Heildarfjöldi starfsmanna á HVE m.v. 31.12.2014 er 382. Þar af eru 308 konur og 74 karlar. Heildarfjöldi starfsmanna í heilsugæslu er 116 og á sjúkrasviði eru 266 starfsmenn.

Eins og dregið er á að framan hafa þrengingar í læknamönnun á heilsugæslusviði sett sitt mark á starfsemi HVE. Brugðist hefur verið við þessum vanda með samningum við lausráðna lækna sem koma til skemmi starfsdvalar á starfsstöðvum en þó með föstu skipulagi og mannahaldi sem gengið hefur að mestu með nokkuð góðum árangri við krefjandi aðstæður.

Nokkrir staðbundnir erfiðleikar hafa einkennt starfsemina að öðru leyti hvað varðar trygga og stöðuga faglega mönnum, einkum hjúkrunarfræðinga. Þau atriði hafa krafist tíma til úrvinnslu og í mörgum tilvikum hefur tekist að leysa farsællaga úr málum en önnur bíða varanlegrar úrlausnar.



Fullnægjandi starfsemi heilbrigðisstofnana yfir sumartímann er ávallt krefjandi viðfangsefni. Hefðbundið er að nokkuð hægist á ýmislegri starfsemi yfir sumartímann af fleiri en einni ástæðu. Ein er sú að þetta er sá tími sem fólk er helst á faraldsfæti bæði innan lands og utan. Önnur er hagræðing og sparnaður stofnana og hin þriðja að æ erfiðara er að tryggja ráðningu á hæfu starfsfólki yfir hásumartímann. Á Akranesi er löng hefð fyrir sameiningu starfseininga og svo var einnig sumarið 2014. Í Stykkishólmi var starfsemin með nokkuð eðlilegum hætti þótt draga hafi þurft úr umfangi legudeildarstarfsemi í nokkrar vikur. Á Hvammstanga hefur mönnunarvandi verið viðvarandi um langa hríð og umfang starfseminnar einkum tekið mið af því. Að öðru leyti voru þau markmið sett að veita þjónustu yfir þennan tíma eins og frekast var unnt á öllu starfssvæðinu.

Frá stofnun HVE hafa forráðamenn endurtekið fjallað um tilhögun mannauðsmála og starfsmannþjónustu. Þessir þættir hafa fyrst og fremst hvílt á stjórnendum fagsviða og starfsfólki skrifstofu, ekki síst á launaskrifstofu. Á þeim þrengingatímum sem stofnunin hefur gengið í gegnum, þá hefur ekki skapast svigrúm til þess að ráða hér bót á. Markmið forráðamanna HVE er að fá til starfa verkefnastjóra á mannauðssviði svo fljótt sem færi gefst.

Námskeið / endurmenntun

HVE hefur takmarkað svigrúm til að leggja í kostnaðarsöm námskeið og símenntun fyrir starfsmenn þótt viðleitni og vilji hafi verið sýndur í þessa átt. Fyrir tveimur árum var ákveðið að úthluta tiltekinni fjárhæð á allar deildir/heilsugæslustöðvar í samræmi við starfsmannafjölda. Yfirmanni var falið að tryggja að féð nýttist sem best samhliða því að starfsmenn voru einnig hvattir til að nýta starfsmenntunarsjóðina sem stofnunin greiðir framlög til.

Á hjúkrunarsviði hefur verið haldin skrá frá árinu 2013 yfir þá fræðslu sem starfsmönnum stendur til boða innan HVE eða sótt er annað. Markmiðið með þessu er að hafa yfirsýn yfir fjölda starfsmanna sem sækja fræðslu og umfang fræðslu á hverri deild/heilsugæslustöð og til að sjá hvernig deildir nýta fjármagn sem fæst til ráðstöfunar. Tilgangurinn er einnig sá, að hjúkrunarstjórnendur hafi handbærar upplýsingar um hvernig miðar að framfylgja starfsmannastefnu HVE sem kveður á um að stuðlað skuli að því „að starfsmenn hafi tök á að viðhalda fagþekkingu sinni“ og tryggja þeim „möguleika á fræðslu og endurmenntun sem nýtist í starfi og stuðlað getur að bættri þjónustu á starfsstöðvum HVE.

Í byrjun apríl voru haldin fimm ILS námskeið í sérhæfðri endurlífgun en hvert námskeið tók 8 klst. Námskeiðin voru haldin á Akranesi og sóttu þau 55 hjúkrunarfræðingar og 45 sjúkraflutningsmenn. Námskeið sem þessi eru haldin á þriggja ára fresti og voru síðast fyrir sömu starfshópa árið 2011. Auk þess sóttu 5 sjúkraflutningamenn grunnnámskeið og 5 aðrir neyðarbílnámskeið.

Fyrsti hluti Basic body Awareness námskeiðs var haldinn í Stykkishólmi þar sem allir sjúkraþjálfarar endurhæfingaræddarinnar tóku þátt ásamt hjúkrunarfræðingi á háls- og bakdeild, deildarstjóra á legudeild og yfirlækni. Þá má geta þess að í mars komu 49 verðandi heimilislæknar, íslenskir og breskir, í heimsókn og sátu fræðsluerindi þar sem læknir og sjúkraþjálfarar fjölluðu um greiningu og meðferð háls- og bakvandamála. Ýmislegt fleira var á döfinni í Stykkishólmi varðandi fræðslu til starfsmanna og kynningu á starfseminni. Meðal þess má nefna að sjúkraliðar á Reykjalandi komu í heimsókn og fengu fræðslu um starfsemi háls- og bakdeildar og almennt um starfsemina í húsinu.

Á Hólmavík voru haldin tvö námskeið fyrir starfsfólk í skyndihjálp. Þá var haldið námskeið um samskipti á vinnustað, hópefli og jákvætt hugarfar.



Nemar í klínísku starfsnámi

Einn fjórða árs nemi í sjúkrabjálfun kom í verknám á háls- og bakdeild HVE í Stykkishólmi og gerði þar sitt klíníska lokaverkefni.

Nokkrir læknanemar á lokaári komu í tveggja vikna starfsnám á heilsugæslustöðina á Akranesi. Ekki komu læknanemar í starfsnám á skurð- og svæfingadeild eins og verið hefur mörg sl. ár. Hverju sinni hafa nokkrir 5. árs nemar og lengra komnir starfað sem aðstoðarlæknar.

Árið 2014 tók hjúkrunarvið HVE á Akranesi við 37 nemum í klínískt starfsnám, sem er svipaður fjöldi og undanfarin ár. Hver og einn nemi dvaldi frá einni og allt að fjórum vikum og samanlagður dvalartími var 94 vikur. Þá komu þrjár sjúkraliðanemar í klínískt starfsnám á heilsugæslu HVE í Borgarnesi, alls 9 vikur. Nánari upplýsingar um skiptingu nemanna á Akranesi má sjá í töflunni hér fyrir neðan.

	Heilsu- gæsla	Handl.- deild	Kvenna- deild	Lyfl- deild	Skurðstofa/ svæfing
Hjúkrunarfræðingar í framhaldsnámi í			3		
Hjúkrunarfræðingar í framhaldsnámi í					1
Hjúkrunarfræðinemar frá HA	3	4	7	5	
Hjúkrunarfræðinemar frá HÍ	1	2	4	1	1
Sjúkraliðanemar frá FVA		2		3	
Fjöldi nema	4	8	14	9	2
Lengd dvalar	10 vikur	28 vikur	20 vikur	29 vikur	7 vikur

Endurbætur og viðhald

Á árinu var unnið að talsverðum endurbótum og viðhaldi fasteigna á stofnunum HVE í góðu samstarfi við Fasteignir ríkissjóðs. Það veigamesta á Akranesi var endurnýjun loftræstikerfis í aðalbyggingu. Gerðar voru einnig endurbætur á neðri hæð íbúðarhúsnæðis starfsmanna á Heiðarbraut og skipt m.a. um gólfefni og vatnslagnir. Þá var málað innan dyra á kvennadeild, rannsóknarstofu og á skrifstofum.

Í Borgarnesi hlaut lækneisbústaður að Dílahæð 5 andlitslyftingu að umtalsverðu leyti og innréttingar, böð, gólfefni og lagnir endurnýjaðar.

Í Ólafsvík var ekkert um stórar framkvæmdir en árið áður hafði verið lögð áhersla á endurbætur á stöðinni innan dyra.

Heilsugæslustöðin í Grundarfirði var máluð bæði að utan og innan.

Í Stykkishólmi var hafin framkvæmd við breytingar á skipulagi húsnæðis innan dyra. Um var að ræða innrétting matsalar á nýjum stað í nánd við eldhús. Hluti af verkefninu voru einnig endurbætur við anddyri hússins. Húsbygging að utan var máluð.

Stærsta verkefnið á Hólmavík var algjör endurnýjun eldhúss með breyttu skipulagi, innréttingum og búnaði. Einnig var sjúkraskýli málað að utan.



Á Hvammstanga voru gólf á heilsugæslustöð dúklögð og málað að hluta að utan. Nýtt brunaviðvörunarkerfi var tekið í notkun og inngangshurð heilsugæslu endurnýjuð með rafknúinni opnun.

Í Búðardal voru ekki stórvægileg verkefni á döfinni þetta árið en smærri viðhaldsverkefnum sinnt, bæði á stöðinni í Búðardal og heilsugæsluselinu að Reykhólum og unnið að undirbúningi annarra, m.a. breytingu á afgreiðslu og móttöku í Búðardal.

Tækjabúnaður

Ekki reyndist unnt að koma til móts við nándar nærri allar þær beiðnir sem framkvæmdastjórn bárust um endurnýjun búnaðar og tækja þótt ýmsu hafi tekist að hnika í áttina. Stofnunin reiddi sig eins og um margra ára skeið á velvilja og hlýhug einstaklinga, félagasamtaka og fleiri velunnara á þessu sviði þar sem öflugan stuðning var að finna. Metin þörf fyrir endurnýjun tækja og búnaðar fyrir stofnunina alla var skv. samantekt á árinu talin nema um 190 milljónum króna, bæði hvað varðar brýn atriði og annan búnað sem gera má ráð fyrir að endurnýja þurfi á allra næstu misserum. Þar eru kostnaðarsömustu liðirnir endurnýjun röntgentækja á flestum starfsstöðva HVE.

Á Akranesi tókst með sérgreindum þjónustutekjum þar að endurnýja úr sér gengin tæki og búnað á skurð- og svæfingadeild. Ný speglunartækjastæða á skurðeild var keypt og sömuleiðis var önnur svæfingavélanna af tveimur endurnýjuð. Þá voru keypt ný speglunartæki á slysa- og göngudeild og ómskoðunartæki fyrir myndgreiningardeild. Þá var keyptur ýmis búnaður vegna vistunar á fötluðum einstakling á lyflækningadeild, s.s. sérstakt sjúkrarúm, loftdýna, sturtubekkur, rakatæki í öndunarvél, lyftibúnaður og ýmislegt fleira. Einnig var endurnýjaður hluti af tölvubúnaði.

Í Borgarnesi var tölvubúnaður endurnýjaður og sömuleiðis keypt nýtt hjartastuðtæki og annar smábúnaður.

Í Stykkishólmi var keyptur búnaður í þvottahús, nýr hitaskápur á rannsóknardeild, búnaður í eldhús og umtalsverð endurnýjun tölvubúnaðar átti sér jafnframt stað. Þá fékkst sérstakt framlag frá ráðuneyti til kaupa á sönartæki fyrir háls- og bakdeild en gjafaframlag kom til að hluta.

Í Búðardal var unnið að endurnýjun tölvubúnaðar.

Í Grundarfirði var keyptur nýr blóðtökustóll og búnaður vegna mæðraverndar.

Á Hvammstanga var keypt eynaskoðunartæki og ýmis annar smærri búnaður.

Í Ólafsvík var hluti húsgagna endurnýjaður og ýmis smærri búnaður.

Að öðru leyti var leitast við að koma til móts við óskir og þarfir starfsmanna varðandi smærri beiðnir eftir því sem töku voru á.

Gjafir til HVE

Eins og fyrr ári bárust Heilbrigðisstofnun Vesturlands fjölmargar góðar gjafir á árinu.

Konur frá Slysavarnafélaginu Líf á Akranesi gáfu húfur og gjafapakka, sem inniheldur upplýsingar um slysavarnir á heimili og í umhverfi barna, til nýbura sem fæðast á deildinni.



Lionsklúbburinn Bjarmi á Hvammstanga færði stofnuninni að gjöf tvö 32 tommu sjónvarpstæki til afnota fyrir vistmenn á sjúkra- og öldrunardeild á HVE Hvammstanga. Nokkrir Lionsmenn skemmtu síðan vistmönnum með gamansögum af mönnum og málefnum einkum úr héraði í um klukkustund og lauk samkomunni með kaffi.

Í tilefni 112 dagsins afhenti Neisti, félag slökkviliðsmanna í Borgarbyggð, HVE nýtt hjartastuðtæki að gjöf. Hjartastuðtæki þetta verður staðsett í slökkvistöð SB á Hvanneyri ásamt nýrri súrefnistösku sem HVE leggur til. Tæki sem þessi er nú að finna á þremur stöðum í uppsveitum Borgarfjarðar; Húsafelli, Reykholti og Hvanneyri. HVE hefur þjálfað upp sérstök teymi í notkun tækjanna sem björgunarsveitarmenn og slökkviliðsmenn í uppsveitunum skipa og stendur til að slíkt teymi verði einnig þjálfað upp vegna búnaðarins á Hvanneyri.

Oddfellowssystemur úr Rebekkustúkunnunni nr. 5, Ásgerði, afhentu kvennadeild HVE á Akranesi að gjöf ferðahitakassa fyrir nýbura. Gjöfin leysir af hólmi eldri hitakassa sem hefur þjónað stofnuninni og nýfæddum börnum dyggilega í aldarfjórðung. Hitakassinn er fyrst og fremst nýttur þegar flytja þarf nýfædd börn í brýnum tilvikum á Landspítala. Einnig ef hlúa þarf sérstaklega að nýburum um skamma hríð strax eftir fæðingu á deildinni. Nýi hitakassinn tekur hinum eldri fram að mörgu leyti. Færi gefst nú á nákvæmari hitastjórnun og súrefnisflæði og bæði líkamshiti barns og umhverfis er vaktaður. Þá tekur mun styttri tíma að ná upp réttu hitastigi í kassanum ef fyrirvaralítið þarf að grípa til hans. Hinum nýja hitakassa fylgir sérstök hjólagrind sem hægt er að skorða í sjúkrabifreið en áður þurfti að óla kassann niður á sjúkrabörum bifreiðar fyrir ferðalag. Andvirði gjafarinnar er ríflega 3,6 milljónir króna.

Gjafir og fjárframlög sem borist hafa HVE vegna söfnunar fyrir Lukas hjartahnoðstæki:

Skaginn og Þorgeir og Ellert gáfu eitt tæki að verðmæti 2,5 m.kr. til afnota í sjúkrabíl á Akranesi, Runólfur Hallfreðsson ehf. gaf eitt tæki að verðmæti 2,5 m.kr. í sjúkrabíla HVE.

Framlög annarra fyrirtækja fram til apríl samtals að fjárhæð 450 þús.kr. voru eftirfarandi: Bjarmar ehf. gaf 250 þús. kr., Neyðarlínan gaf 50 þús. kr., Spölur ehf. gaf 50 þús. kr., Steðji ehf. gaf 100 þús. kr.

Framlög einstaklinga námu 346 þús. kr. Samtals nema því bein fjárframlög auk tveggja tækja nú 796 þús. kr.

Englamömmur á Akranesi færðu kvennadeild og kapellu HVE á Akranesi góðar gjafir. Fæðingardeildin fékk að gjöf kassa með ýmsum hlutum sem nýtast vel þeim sem missa barn á meðgöngu eða rétt eftir fæðingu. Í kassanum eru meðal annars rammar sem hægt er að nota til þrykkingar handa- og fótafara, fallegir minningarkassar undir það helsta sem fylgir barninu, bæklingar og símanúmer nokkurra Englamamma. Síðast en ekki síst fékk deildin að gjöf Lazy-boy stól sem nýttist til almennra nota á deildinni en hægt er að færa hann niður í kapellu ef þörf er á. Kapellunni færðu þær að auki skiptidýnu til að nota í hliðarherbergi kapellunnar. Einnig færðu Englamömmur Akraneskirkju og Kirkjugarði Akraness veglegar gjafir sem nýtast þeim sem missa ung börn eða á meðgöngu. „Þetta er til að bæta litlu smáatriðin sem þó skipta svo miklu máli. Ef hlutirnir koma til með að verða notaðir, verður fyllt á kassann,“ sögðu Englamömmur við afhendinguna.

Lionsfélagar í Lkl. Stykkishólms færðu HVE Stykkishólmi sönartæki sem þeir höfðu yfirumsjón með söfnun fyrir og þrekhlól með lágu sæti og sætisbaki. Sönartækið verður notað á háls- og bakdeild spítalans til skoðunar á vöðvum og vöðvastarfsemi, en einnig er hægt að nota tækið við ákveðnar sprautumeðferðir. Hjólið verður notað á endurhæfingardeildinni og nýttist vel sérstaklega einstaklingum með skert jafnvægi og/eða misræmi í styrk milli hæ. og vi. hliðar.

Skjólstæðingur Háls- og bakdeildarinnar kom færandi hendi þegar hann afhenti deildinni fleyglaga pall og einnig þrjá aðra palla í mismunandi hæð. Þessir pallar nýtast vel þegar verið er að þjálfa styrk og stöðugleika neðri útlíma og fleygpallurinn auðveldar teygjuæfingar fyrir kálfavöðva.



Annar skjólstæðingur deildarinnar færði deildinni að gjöf nuddolíu með íblönduðum íslenskum jurtum, vöðva- og liðagaldur.

Háls – og bakdeild HVE hlaut styrk frá Sambandsstjórn Rafiðnaðarsambands Íslands að upphæð 850 þús. kr. Styrkurinn verður notaður til kaupa á ambúlans fyrir skurðstofu og loftdýnu.

Minningarsjóður Guðfinnu og Sigurbjargar færði HVE Stykkishólmi gjafir samtals að verðmæti 2,2 m. kr. Blöðruskanni fyrir legudeild að verðmæti 1,4 m. kr., ambúlans bekkur fyrir háls- og bakdeild að verðmæti 700 þús. kr. og loftdýna fyrir háls- og bakdeild að verðmæti 160 þús. kr.

Berglind Lilja Þorbergsdóttir íbúi í Stykkishólmi færði endurhæfingardeild HVE Stykkishólmi Wii tölvu og sjónvarp. Notkun á tölvu sem þessari hefur gefið góða raun í þjálfun jafnvægis hjá eldri borgurum og hefur verið notuð á nokkrum hjúkrunarheimilum í landinu. Tölvan verður notuð sem sjónræn endurgjöf við þjálfun jafnvægis og eflingu líkamsvitundar einstaklinga á öllum aldri sem koma í endurhæfingu.

Minningarsjóður Valtýs Guðmundssonar hóf söfnun fyrir Lucas hjartahnoðstæki á árinu í tilefni þess að Valtýr hefði orðið 30 ára á árinu hefði hann lifað. Lionsklúbburinn Harpan hélt utan um söfnunina og síðsumars var HVE Stykkishólmi færður Lucas og iPad tölva að gjöf til nota í sjúkrafreið staðarins.

Lionsklúbbur Búðardals færði Heilsugæslunni í Búðardal spirometríu og sogtæki að gjöf á árinu. Þá beitti Lionsklúbburinn sér fyrir söfnun á Lucas hjartahnoðstæki í samstarfi við sjúkraflutningamenn. Gefendur í þá söfnun voru kvenfélög, einstaklingar, fyrirtæki í byggðarlaginu og klúbburinn sjálfur.

HVE á Hvammstanga voru afhent fimm 32 tommu sjónvörp, veggfestingar og fimm útvörp með geislaspilara til minningar um Hjört Eiríksson og Ingibjörgu Levý, en þennan dag hefði Hjörtur orðið 100 ára. Það voru afkomendur og tengdabörn þeirra hjóna sem fjölmenntu á Heilbrigðisstofnunina og afhentu gjöfina að viðstöddu vistfólki og hluta starfsfólks.

Hollvinasamtök Heilbrigðisstofnunar Hvammstanga gáfu eftirtaldir gjafir á árinu: Þrjá blóðþrýstimæla að verðmæti kr. 40 þús., loftdýnu v. sjúkradeildar verðmæti 230 þús. kr., skutlu, lyftitæki fyrir hreyfihamlaða frá Fastus að verðmæti 350 þús. kr.

Í júní afhentu sjúkraflutningamenn á Hvammstanga Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Hvammstanga hjartahnoðtæki af gerðinni Lucas til notkunar í neyðartilfellum en þeir hófu söfnun fyrir tækinu mánuði fyrr. Kaupverðið um 2,5 milljónir króna safnaðist á skömmum tíma og lögðu einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og sveitarfélagið Húnaþing vestra málefnið lið með upphæðum allt frá 2000 krónum upp í 500 þúsund.

Ragnheiður Runólfsdóttir börn og tengdabörn gáfu hjúkrunardeildinni á Hólmavík hjartastuðtæki til minningar um Lýð Magnússon eiginmann og föður. Gjöfin er að verðmæti kr. 285 þús.

Stofnunin færir öllum þessum aðilum bestu þakkir fyrir hlýhug og stuðning.



HEILSUGÆSLUÞJÓNUSTA HVE

Innan HVE eru átta heilsugæslustöðvar. Samkvæmt 4. grein laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 nær heilsugæsluþjónusta yfir almennar lækningar, hjúkrun, heilsuvernd og forvarnir, bráða- og slysamóttöku og aðra heilbrigðisþjónustu sem veitt er á vegum heilsugæslustöðva.

Eftirfarandi grunnþjónusta er veitt á öllum heilsugæslustöðvum HVE:

- Læknisþjónusta
- Hjúkrunarþjónusta
- Heimahjúkrun
- Mæðravernd
- Ung- og smábarnavernd
- Skólaheilsuvernd
- Heilsuvernd og forvarnir

Á heilsugæslustöðvum HVE starfa samtals 116 starfsmenn. Fastráðnir starfsmenn eru 72 í 49,91 stöðugildi. Auk þess starfa við stöðvarnar 39 sjúkraflutningamenn á bakvöktum og nokkrir verktakalæknar. Heildarfjöldi heilsugæslulækna á svæðinu er 12,5 stöðugildi. Stöðurnar eru ýmist mannaðar með fastráðnum læknum eða verktakalæknum.

Nánari upplýsingar um starfsemi einstakra heilsugæslustöðva innan HVE er að finna á næstu blaðsíðum ásamt tölulegum upplýsingum um sjúkraflutninga á næstu síðu.

Tölur úr starfsemi heilsugæslustöðva HVE 2014

Tímabil janúar - desember 2014									
	Akranes heilsug.	Borgarnes heilsug.	Búðard. heilsug.	Grundarfj. heilsug.	Hólmav heilsug.	Hvammst heilsug.	Ólafsvík heilsug.	Stykkish heilsug.	Samtals allir
Bein samskipti við sjúklunga:									
Símtöl	16.740	11.766	2.132	2.891	2.349	4.480	6.061	3.085	49.504
Viðtöl	18.772	12.866	3.232	3.298	2.343	3.401	4.748	3.409	52.069
Vitjun	874	406	156	96	77	97	159	454	2.319
Heildarfj.	36.386	25.038	5.520	6.285	4.769	7.978	10.968	6.948	103.892
Heildarfjöldi skráðra samskipta									
Karlar	16.233	11.489	2.777	3.276	2.680	4.252	5.921	4.273	50.901
Konur	24.471	15.971	3.505	3.937	2.964	5.658	7.758	6.034	70.298
Samtals:	40.704	27.460	6.282	7.213	5.644	9.910	13.679	10.307	121.199


Frá 1. jan. 2014 breyttist skráning í heimahjúkrun á HVE. Hætt er að skrá samskipti, en skráning fer fram í meðferðareiningu og einnig bókanir í afgreiðslukerfi. Þetta hefur einkum áhrif á fjölda vitjana. Vísast í sér skýrslu um heimahjúkrun hér fyrir neðan.

Heimahjúkrun á HVE 2014

	Akranes heilsug.	Borgarnes heilsug.	Búðard. heilsug.	Grundarfj. heilsug.	Hólmav heilsug.	Hvammst heilsug.	Ólafsvík heilsug.	Stykkish heilsug.	Samtals allir
Heimahjúkrun 1. vitjun	72	18	11	5	6	7	1	10	130
Heimahjúkrun dagvakt	5.375	2.015	50	175	634	887	174	2.150	11.460
Heimahjúkrun-helgarvakt	1.593								1.593
Heimahjúkrun köldvakt	1.039								1.039
Heimahjúkrun útskrift	49	13							62
Heimahjúkrun símtal	296			1		9	1	9	316
Samtals:	8.424	2.046	61	181	640	903	176	2.169	14.600

Sjúkraflutningar á HVE 2010-2014

	2010	2011	2012	2013	2014	Breyting 2013-2014	
Akranes	643	767	766	886	890	4	0,5%
Borgarnes	317	287	319	373	350	-23	-6,2%
Búðardalur	76	99	122	97	102	5	5,2%
Grundarfjörður	38	37	70	75	73	-2	-2,7%
Hólmavík	44	47	38	47	36	-11	-23,4%
Hvammstangi	88	107	151	119	127	8	6,7%
Ólafsvík	122	153	184	171	161	-10	-5,8%
Stykkishólmur	119	139	124	152	124	-28	-18,4%
Samtals:	1.447	1.636	1.774	1.920	1.863	-57	-3,0%



HEILSUGÆSLUSTÖÐ HVE AKRANESI



Þjónustusvæði: Starfssvæði stöðvarinnar nær frá botni Hvalfjarðar að Hafnarfjalli.

Fjöldi íbúa á starfssvæðinu þann 31. des. 2014 var 7.402.

Heildarfjöldi skráðra samskipta á árinu 2014 var 40.704 auk 8.424 bókaðra samskipta í heimahjúkrun.

Fjöldi starfsmanna stöðvarinnar m.v. 31. des. 2014 er 21 í 14,88 stöðugildum, þar af fjórir til fimm heilsugæslulæknar auk fimm sjúkraflutningamanna á bakvöktum.

HVE Akranesi - heilsugæslustöð Samanburður á starfsemi 2009 - 2014

Heildarfjöldi samskipta	2009	2010	2011	2012	2013	2014	Breyting 2013-2014	
Karlar	23.093	20.908	21.603	20.716	19.902	16.233	-3.669	-18,4%
Konur	29.082	27.597	28.547	29.034	28.810	24.471	-4.339	-15,1%
Samtals	52.175	48.505	50.150	49.750	48.712	40.704	-8.008	-16,4%
Bein samskipti við sjúklinga								
Símtöl	14.306	14.481	15.054	16.528	16.478	16.740	262	1,6%
Viðtöl	19.654	21.338	21.701	19.941	19.425	18.772	-653	-3,4%
Vitjun	7.549	7.306	8.643	8.322	8.228	874	-7.354	-89,4%
Samtals	41.509	43.125	45.398	44.791	44.131	36.386	-7.745	-17,6%

Frá 1. jan. 2014 breyttist skráning í heimahjúkrun á HVE. Hætt er að skrá samskipti, en skráning fer fram í meðferðareiningu og einnig bókanir í afgreiðslukerfi. Þetta hefur einkum áhrif á fjölda vitjana. Vísast í sér skýrslu um heimahjúkrun á bls. 16.



HEILSUGÆSLUSTÖÐ HVE BORGARNESI



Þjónustuvæði: Starfssvæði stöðvarinnar samanstendur af Borgarbyggð, Skorradalshreppi og Eyja- og Miklaholtshreppi.

Fjöldi íbúa á starfssvæðinu þann 31. des. 2014 var 3.745.

Heildarfjöldi skráðra samskipta á árinu 2014 var 27.460 auk 2.046 bókaðra samskipta í heimahjúkrun.

Fjöldi starfsmanna stöðvarinnar m.v. 31. des. 2014 er 17 í 14,11 stöðugildum, þar af að jafnaði þrjú heilsugæslulæknar, auk fimm sjúkraflutningamanna á bakvöktum.

HVE Borgarnesi - heilsugæslustöð Samanburður á starfsemi 2009 - 2014

Heildarfjöldi samskipta	2009	2010	2011	2012	2013	2014	Breyting 2013-2014	
Karlar	12.741	11.009	11.154	11.142	11.593	11.489	-104	-0,9%
Konur	17.853	15.017	14.968	16.345	17.094	15.971	-1.123	-6,6%
Samtals	30.594	26.026	26.122	27.487	28.687	27.460	-1.227	-4,3%
Bein samskipti við sjúklinga								
Símtöl	8.419	9.377	9.405	10.061	10.826	11.766	940	8,7%
